



Ársskýrsla 1998

**LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS**
... vísa þér veginn



ÁVARP GUÐMUNDAR BJARNASONAR UMHVERFISRÁÐHERRA



Árið 1998 var fyrir margra hluta sakir viðburðaríkt í sögu Landmælinga Íslands. Í júlí 1996 tók ég ákvörðun um að aðsetur og starfsemi stofnunarinnar skyldi flutt til Akraness frá og með 1. janúar 1999. Um þá ákvörðun voru skiptar skoðanir. Stjórn Landmælinga Íslands vann að verkinu sleitulaust í 15 mánuði frá því að hún var skipuð í október 1997. Þáttaskil urðu í því máli þegar forstöðumenn sviða stofnunarinnar, þeir Kristján Guðjónsson, Magnús Guðmundsson og

Þorvaldur Bragason ákváðu á útmánuðum 1998 að starfa áfram hjá stofnuninni á nýjum stað og undirbúa og taka þátt í flutningi hennar. Núverandi húsnæði Landmælinga Íslands er hannað og innréttað sérstaklega með þarfar stofnunarinnar í huga. Samhliða flutningi var tölvukostur og húsbúnaður stofnunarinnar endurnýjaður að verulegu leyti. Gerðir voru samningar við lykilmenn sem störfuðu hjá Landmælingum Íslands þegar ákvörðunin var tekin, fimmtán að tölu, um áframhaldandi störf hjá stofnuninni. Þá voru ráðnir nýir starfsmenn sem búa á Akranesi og í Borgarnesi. Vinna nú fleiri vel menntaðir starfsmenn við stofnunina en var meðan hún var staðsett í Reykjavík.

Framundan eru spennandi tímar hjá Landmælingum Íslands. Stjórn stofnunarinnar hefur ásamt nýskipuðum forstjóra og forstöðumönnum unnið mikið og gott starf. Er nú unnið með markvissum hætti í samræmi við stefnu hennar og eru fjölmörg atriði þegar komin til framkvæmda. Þannig skipaði ég á síðasta ári að tillögu stjórnarinnar samvinnunefnd um landmælingar. Ennfremur hefur verið unnið að frumvarpi um fjarkönnunarmál og stofnun fjarkönnunarstofu og síðast en ekki síst er nú unnið að áætlun um stafræna kortagerð af landinu öllu í mælikvarðanum 1 : 50.000. Er þá enn margt ótalið.

Það er mér mikið ánægjuefni hversu vel flutningur Landmælinga Íslands til Akraness tókst. Stofnunin hefur nú alla burði til að vaxa og dafna í nýju umhverfi og sinna hlutverki sínu með sóma. Um leið og ég þakka góð kynni og samstarf á liðnum árum vil ég óska stofnuninni, stjórnendum hennar og starfsmönnum velfarnaðar á komandi árum.



Stjórnsýslubúsið á Akranesi.

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS ALMENNT YFIRLIT

Landmælingar Íslands eru ein af stofnunum umhverfisráðuneytisins og starfa eftir lögum nr. 95/1997, sbr. lög nr. 132/1998. Forstjóri Landmælinga Íslands er Magnús Guðmundsson, sem tók við starfinu um áramótin 1998/1999. Fyrrverandi forstjóri stofnunarinnar Ágúst Guðmundsson hætti störfum í febrúar 1998.

Starfsemi stofnunarinnar er skipt í þrjú meginvið. Kristján Guðjónsson er forstöðumaður stjórnsýslusviðs, Þorvaldur Bragason er forstöðumaður upplýsinga- og markaðssviðs og Þórarinn Sigurðsson er forstöðumaður framleiðslusviðs. Starfsmenn eru alls um 30 talsins.

Stjórn LMÍ

Hinn 1. júlí 1997 var skipuð þriggja manna stjórn stofnunarinnar. Í henni eru Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, sem jafnframt er formaður, Eyjólfur Árni Rafnsson, verkfræðingur og Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi. Varamenn eru þeir Guðjón Ólafur Jónsson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, sem er varaformaður, Orri Hauksson, aðstoðarmaður forsætisráðherra og Guðný Rún Sigurðardóttir, rekstrarfræðingur.



Flutningur LMÍ til Akraness

Nýr kafli hófst í sögu Landmælinga Íslands hinn 1. janúar sl. er stofnunin tók formlega til starfa í nýjum og glæsilegum 1400 fermetra húsakynnum í stjórnsýsluhúsinu á Akranesi. Stofnunin fékk nýja húsnæðið afhent í október og fram til áramóta var unnið að því hörðum höndum að flytja. Magnús H. Ólafsson arkitekt teiknaði nýjar innréttingar og hútaskipan. Málningarþjónustan hf. á Akranesi sá um verklegar framkvæmdir en verkefirlit var í höndum Framkvæmdasýslu ríkisins. Ýmsir verktakar og iðnaðarmenn á Akranesi önnuðust einstaka verkþætti. Flutningur stofnunarinnar gekk samkvæmt áætlun og var lokið á tilsettum tíma.

Guðmundur Bjarnason umhverfisráðherra tilkynnti ákvörðun sína um flutning LMÍ til Akraness hinn 3. júlí 1996. Hugmyndir um flutning höfðu komið fram í tíð forvera hans, Össurar Skarphéðinssonar, eftir að nefnd á vegum forsætisráðuneytis hafði gert tillögur um flutning nokkurra ríkisstofnana út á land. Ákvörðunin mætti á sínum tíma andstöðu á meðal starfsmanna Landmælinga en um helmingur þeirra 30 starfsmanna sem voru hjá stofnuninni mun starfa áfram hjá henni á Akranesi.

Starfsmannamál

Síðastliðið ár var annasamt hjá starfsmönnum Landmælinga. Undir forystu nýs forstjóra, Magnúsar Guðmundssonar, horfa menn bjartsýnir til framtíðar. Fjöldi hæfra umsækjenda sótti um þau störf sem losnuðu og eru þeir sem ráðnir voru búsettir á Akranesi og í

nágrenni. Markmiðið er að gera Landmælingar Íslands að öflugri stofnun sem svarar kalli tímans um aukna skilvirkni, góða þjónustu og vönduð vinnubrögð.

Landmælingar Íslands stefna að því að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Starfað verði eftir virkri stjórnunar- og starfsmannastefnu, þar sem stefnt er að því að hafa ávallt á að skipa hæfu starfsfólki. Lögð verði áhersla á upplýsingaflæði, launahvetjandi umhverfi, hvatningu í starfi, endurmenntun og gott vinnuumhverfi.

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Rekstrarafkoma 1998

Heildartekjur Landmælinga Íslands 1998 voru 172,2 milljónir króna. Sértekjur í heild voru 45,4 millj. að meðtöldum rannsóknarstyrkjum og framlögum. Tekjur af kortum, loftmyndum og öðru kortatengdu efni voru 42,6 milljónir og lækkuðu frá árinu 1997 um 1,9 milljónir á meðalverðlagi ársins 1998 eða um 4,5%. Sértekjur stofnunarinnar voru 25% af heildartekjum hennar. Framlag ríkisins á fjárlögum var 128,8 milljónir og hækkaði um 44%. Hækkunin varð vegna þáttar er tengdust minnkandi sértekjum og starfslokasamningum. Heildargjöldin voru 181,1 milljónir og var því rekstrartap af starfsemi samtals 8,9 milljónir. Útistandandi viðskiptakröfur voru 3,8 milljónir í árslok. Í reikningum stofnunarinnar er ekki tekið tillit til birgða eða birgðabreytinga.

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Landmælingar

Samstarfsyfirlýsing Landmælinga Íslands og Orkustofnunar um landmælingar og kortagerð var undirrituð í október. Þar með takast Landmælingar Íslands á hendur það hlutverk á sviði landmælinga sem Orkustofnun hefur sinnt um árabíl. Jafnframt munu þær taka við miklu gagnasafni á sviði landmælinga sem þar hefur verið byggt upp. Ráðnir hafa verið tveir mælingaverkfræðingar til Landmælinga Íslands. Þeir eru Þórarinn Sigurðsson forstöðumaður framleiðslusviðs og Christoph Völksen deildarstjóri mælingadeildar. Undir forystu Gunnars Þorbergssonar hjá Orkustofnun taka Landmælingar Íslands ásamt nokkrum öðrum stofnunum þátt í að endurmæla eldri net Orkustofnunar. Samið 1998 var mælt á Norðurlandi en árið áður hafði verið mælt á Austurlandi.

Kortagrunnur í mælikvarða 1:50 000

Unnið er að því að koma upp stafrænum kortagrunni í mælikvarðanum 1:50 000 en þar er byggt á kortum af landinu sem unnin hafa verið í samvinnu LMÍ og NIMA, kortastofnun bandaríska varnarmálaráðuneytisins. Þessi vinna hefur legið niðri undanfarin ár en að frumkvæði umhverfisráðherra voru teknar upp viðræður við NIMA á árinu 1998 um að ljúka gerð prentaðra korta í þeirri stærð í samræmi við samninga þar að lútandi. Ólokið er gerð 98 korta af 200 en flestir þættir verksins verða unnir hér á landi undir stjórn Landmælinga Íslands. Gerð kortanna er mikilvægur hlekkur í áætlun um uppbyggingu stafræns kortagrunns af landinu öllu.

Stjórnsýslumörk

Í samvinnu við félagsmálaráðuneytið, umhverfisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og Hagstofu Íslands var gert sérstakt átak í öflun heimilda og skráningu marka sveitarfélaga og umdæmis-marka sýslumanna. Fyrirhugað er að koma upplýsingum um stjórnsýslumörk og gögnum þar að lútandi inn á vef Landmælinga Íslands.


Loftmyndir

Frá og með áramótum 1998/1999 fer sala loftmynda fram hjá Landmælingum Íslands í Stjórnsýsluhúsinu á Akranesi. Þar fást upplýsingar um loftmyndir af Íslandi, allt frá fyrstu myndum, og sérhæft starfsfólk veitir aðstoð og leiðbeiningar.

Sumarið 1998 voru teknar loftmyndir eins og mörg undanfarin ár og voru bæði teknar myndir vegna þarfa Landmælinga Íslands og einnig fyrir viðskiptavinum, s.s. sveitarfélög og ríkisstofnanir. Heildarfjöldi tekinna mynda var um 1000 og er það heldur minna en flest undanfarin ár. Stjórn stofnunarinnar hefur ákveðið að frá og með árinu 1999 verði loftmyndataka keypt eða boðin út eftir þörfum og jafnframt verði hætt töku mynda fyrir aðra.

Framleiðsla loftmynda var hefðbundin árið 1998 og áfram var haldið vinnu við skráningu bæði á nýjum loftmyndum og gömlum.

Í tengslum við þátttöku fulltrúa Landmælinga Íslands í verkefni Evrópusambandsins sem nefnt er CEO (Centre for Earth Observation) tók stofnunin að sér að gera könnun á því í Norður-Evrópu hvaða stofnanir og fyrirtæki veita þjónustu á sviði loftmynda eða loftmyndaöku. Upplýsingar um þessa könnun má fá á heimasíðu CEO: <http://www.ceo.org/>.



UPPLÝSINGA- OG MARKAÐSSVIÐ

Sölu- og markaðsstarfsemi

Sölu- og markaðsstarfsemi Landmælinga Íslands breyttist verulega á árinu 1998. Kortaverslun stofnunarinnar að Laugavegi 178, Reykjavík var lokað í október og þar með hætti stofnunin smásöluverslun með kort. Gerður var samningur við Pennann, Hallarmúla 2 í Reykjavík, sem tók að sér að hafa á boðstólum öll kort Landmælinga Íslands í versluninni og veita sérhæfða ráðgjöf um val á kortum. Með þessu móti var reynt að tryggja viðskiptavinum á höfuðborgarsvæðinu svipaða þjónustu og áður við kaup á kortum. Söludeild LMÍ mun hér eftir sem hingað til leggja áherslu á heildsölu korta til rúmlega 200 söluaðila um allt land. Á sama tíma og þessar breytingar gengu yfir hafa orðið miklar breytingar í starfsmannahaldi og viðskiptaumhverfi stofnunarinnar. Nokkrir kortatitlar voru endurprentaðir á árinu, en hafinn undirbúningur að útgáfu korta fyrir næsta ár, þ.e. ferðakort í mælikvörðunum 1:500 000 og 1:750 000.

Heildsala korta dróst nokkuð saman á árinu, heildartekjur vegna sölu korta urðu 28,8 milljónir, en tekjur af sölu loftmynda og loftmyndaflugi hækkuðu nokkuð milli ára og urðu alls kr. 13,2 milljónir.

Fjöl mörg verkefni á sviði safnamála voru unnin á árinu, en mörg þeirra tengdust endurskipulagningu gagnasafna í samhengi við flutning LMÍ til Akraness. Komið var á samstarfi við Byggingasafnið að Görðum á Akranesi vegna varðveislu gamalla muna í eigu stofnunarinnar, en unnið verður að útfærslu þess samstarfs á næstu misserum. Þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum var með svipuðum hætti og á fyrra ári.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 1998

Tekjur:

Sölutekjur:

Sala korta	28.817.016	34.435		33.158	35.116
Sala loft- og gervitunglamynda	13.170.687	13.355		10.763	8.000
Seld þjónusta kortadeildar	661.083	0		596	0

Aðrar tekjur:

Sérverkefni (framlög)	150.000	1.000		4.479	3.000
Sala eigna	493.515	0		2	0
Vaxtatekjur og afgreiðslugjöld	142.349	210		750	204

Framlög:

Ríkissjóður, almennur rekstur	126.859.282	97.900		89.439	132.300
Ríkissjóður, birtingaleyfi	1.940.718	2.600		0	0

Tekjur samtals:

	1998	Áætlun 1998 '000	Frávik frá áætlun	1997 '000	Áætlun 1999 '000
Sölutekjur:					
Sala korta	28.817.016	34.435		33.158	35.116
Sala loft- og gervitunglamynda	13.170.687	13.355		10.763	8.000
Seld þjónusta kortadeildar	661.083	0		596	0
	42.648.786	47.790	-10,8%	44.517	43.116
Aðrar tekjur:					
Sérverkefni (framlög)	150.000	1.000		4.479	3.000
Sala eigna	493.515	0		2	0
Vaxtatekjur og afgreiðslugjöld	142.349	210		750	204
	785.864	1.210	-35,1%	5.231	3.204
Framlög:					
Ríkissjóður, almennur rekstur	126.859.282	97.900		89.439	132.300
Ríkissjóður, birtingaleyfi	1.940.718	2.600		0	0
	128.800.000	100.500	28,2%	89.439	132.300
Tekjur samtals:	172.234.650	149.500	15,2%	139.187	178.620

Gjöld:

Vörukaup til endursölu	1.955.749	1.200		2.071	1.745
Laun og tengd gjöld	82.631.303	78.671		69.402	89.217
Ferða og fundakostnaður	6.303.404	7.183		9.547	11.677
Rekstrarvörur	5.004.724	4.059		4.817	7.692
Aðkeypt þjónusta	31.177.337	30.811		25.827	34.249
Húsnæðiskostnaður	27.286.905	15.067		15.403	15.971
Rekstur bifreiða og véla	4.073.369	676		836	1.057
Vaxtagjöld	298.666	392		282	392
Eignakaup	22.357.766	10.935		5.800	13.969

Gjöld samtals:

Gjöld samtals:	181.089.223	148.994	21,5%	133.985	175.969
-----------------------	--------------------	----------------	--------------	----------------	----------------

Hagnaður / (tap) ársins:

Hagnaður / (tap) ársins:	(8.854.573) 506	5.202	2.651
---------------------------------	------------------------	--------------	--------------

EFNAHAGSREIKNINGUR BALANCE SHEET


á verðlagi í árslok 1998, í þúsundum króna
at price levels as of the end of 1998, in ISK thousands



TEKJUR, 1994 - 1998

INCOME, 1994 - 1998

á meðalverðlagi ársins 1998, í þúsundum króna
average 1998 price levels, in ISK thousands





REKSTRARYFIRLIT SÍÐUSTU 5 ÁRA

á meðalverðlagi ársins 1998, í þúsundum króna

Tekjur:	1994	1995	1996	1997	1998
Sölutekjur:					
Sala korta	36.789	36.372	36.377	34.351	28.817
Sala loft- og gervitunglamynda	15.156	16.637	13.078	11.150	13.171
Seld þjónusta kortadeildar	3.131	1.260	1.223	617	661
	<u>55.076</u>	<u>54.269</u>	<u>50.678</u>	<u>46.118</u>	<u>42.649</u>
Aðrar tekjur:					
Sérverkefni (framlög)	704	8.905	8.234	4.639	150
Sala eigna	0	0	2.289	3	494
Vaxtatekjur og afgreiðslugjöld	1.275	900	811	777	142
	<u>1.979</u>	<u>9.805</u>	<u>11.334</u>	<u>5.419</u>	<u>786</u>
Framlög :					
Ríkissjóður, almennur rekstur	81.307	82.891	84.449	92.656	126.859
Ríkissjóður, birtingaleyfi	0	0	0	0	1.941
	<u>81.307</u>	<u>82.891</u>	<u>84.449</u>	<u>92.656</u>	<u>128.800</u>
Tekjur samtals:	<u>138.362</u>	<u>146.965</u>	<u>146.461</u>	<u>144.193</u>	<u>172.235</u>
Gjöld:					
Laun og tengd gjöld	67.099	69.837	68.312	71.898	82.631
Aðkeypt þjónusta og vörur	30.755	33.708	36.433	28.902	33.133
Húsnæðiskostnaður	15.151	15.172	30.059	15.957	27.287
Annar rekstrarkostnaður	21.465	22.530	17.320	16.039	15.680
Eignakaup	3.953	4.509	4.412	6.009	22.358
Gjöld samtals:	<u>138.423</u>	<u>145.756</u>	<u>156.536</u>	<u>138.805</u>	<u>181.089</u>
Hagnaður / (tap) ársins:	(61)	1.209	(10.075)	5.388	(8.854)

Í þessari töflu eru sýndar niðurstöður rekstrarreiknings hvers árs framreiknaðar til meðalverðlags ársins 1998, miðað við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar.



STEFNA LANDMÆLINGA ÍSLANDS

Í júní 1998 kom út skýrslan: Landmælingar og kortagerð. Stefnumótun fyrir Landmælingar Íslands, þar sem fjallað er um hlutverk, framtíðarsýn og markmið stofnunarinnar á næstu árum.

Hlutverk

Hlutverk Landmælinga Íslands er að sjá um öflun, úrvinnslu, varðveislu og miðlun landfræðilegra gagna og upplýsinga um Ísland.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Landmælinga Íslands byggir á því að landfræðileg gagnasöfn og kort á stafrænu formi muni gegna mikilvægu hlutverki við skipulag og stjórnun samfélagsins í framtíðinni. Landmælingum Íslands er ætlað mikilvægt hlutverk í þessari þróun og er stefnt að samvinnu þeirra sem hlut eiga að máli, þannig að hámarks notagildi náist fyrir samfélagið.

Markmið

Landmælingar Íslands stefna að því að vera leiðandi á sviði landmælinga, fjarkönnunar, kortagerðar og annarrar vinnslu landupplýsinga.

Unnin verði grunnkort af öllu landinu á stafrænu formi, landfræðileg gagnasöfn og ferðakort sem henta þörfum notenda. Áhersla verði lögð á skipulega uppbyggingu gagnasafna og öfluga upplýsingamiðlun til samfélagsins.

Landmælingar Íslands stefna að því að ráða yfir nýjustu tækni og þekkingu á sínu sviði og veita þjónustu og framleiða markaðshæfar vörur. Gæðamál verði höfð að leiðarljósi í öllu starfi stofnunarinnar og unnið verði eftir skilgreindum vinnuferlum, stöðlum og skráðum vinnuleiðbeiningum. Stjórnendur og starfsmenn vinni samkvæmt tímasettum áætlunum og skilgreindri starfsmannastefnu.

Stuðlað verði að vörubrúun og rannsóknnum hjá Landmælingum Íslands sem styðja verkefni stofnunarinnar. Landmælingar Íslands taka fyrir hönd íslenskra stjórnvalda þátt í innlendu og erlendu samstarfi á sviði landmælinga, fjarkönnunar og kortagerðar. Stofnunin gæti hagsmuna íslenska ríkisins á höfundar- og afnotarétti þeirra gagna sem teljast eign þess.



SKIPULAG LANDMÆLINGA ÍSLANDS

Landmælingar Íslands urðu sjálfstæð stofnun árið 1956 og heyra undir umhverfisráðherra samkvæmt lögum nr. 95/1997, sbr. lög nr. 132/1998. Yfirstjórn er í höndum forstjóra sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Stjórn stofnunarinnar er skipuð fram yfir næstu alþingiskosningar. Stofnuninni er skipt í þrjú aðalsvið, framleiðslusvið, stjórnsýslusvið og upplýsinga- og markaðssvið.

Framleiðslusvið sér um fjóra meginflokka verkefna: Landmælingar, fjarkönnun, kortagerð og landupplýsingar. Innan þessara meginflokka falla eftirtalin mál: Gerð leiðbeininga og kortastaðla, landfræðilegar og staðfræðilegar grundvallarmælingar, loftmyndataka og vinnsla, landgreining og landfræðileg upplýsingaskráning, örnefnaskráning, gerð nýrra korta og endurskoðun eldri korta af landinu, stafræn úrvinnsla fjarkönnunargagna, stafræn kortagerð og gagnavinnsla, gæðamál, ráðgjöf og rannsóknir.

Stjórnsýslusvið sér um fjármál, rekstrarmál og starfsmannamál. Starfsemin felur meðal annars í sér fjárhags- og rekstraráætlanir, fjármál og bókhald, eignausýslu, tölvumál, ritvinnslu og símaþjónustu, höfundarréttarmál, almenn innkaup og öryggiskerfi.

Upplýsinga- og markaðssvið sér um markaðs- og sölumál, safnamál og útgáfumál. Starfsemin felur meðal annars í sér rekstur söludeildar, heildsölu dreifingu korta, prentun og útgáfumál, markaðsstarfsemi og kynningar, varðveislumál og skráningu safna, notkunar- og birtingarleyfi, gjaldskrá, vörubrúun og upplýsingamiðlun.